

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 22. apríl 2026.

Mál nr. E-3001/2025:

SA Tintinimagnatio

(Alexander Hafþórsson lögmaður)

gegn

Pennanum ehf.

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars 2026, höfðaði SA Tintinimagnatio, [...], 15. maí 2025, gegn Pennanum ehf., [...].
- Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða 4.785.732 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af 1.826.666 krónum frá 1. janúar 2022 til 1. janúar 2023, af 4.621.637 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2024 og af 4.785.732 krónum frá þeim degi til 20. apríl 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Í öðru lagi krefst stefnandi þess að stefndi skuli fá dóm í máli þessu birtan í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Heimildarinnar á kostnað stefnda. Loks er krafist málskostnaðar.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega að mati dómsins. Þá er krafist málskostnaðar.

I. Helstu málsatvik

- Helstu málsatvik eru óumdeild. Stefnandi, sem er félag rekið með takmarkaðri ábyrgð og skráð í Belgíu, kveðst vera rétthafi höfundarréttar að myndverkum eftir belgíska myndasagnahöfundinn Hergé, sem myndskreytti teiknimyndasögurnar „Ævintýri Tinna“. Liggur fyrir skjal á ensku, sem ekki hefur verið þýtt á íslensku en dómari telur sér fært að þýða, sem ber með sér að vera staðfesting lögbókanda í Brussel á samningi stefnanda við ekkju listamannsins Georges Remi, sem gekk undir listamanns nafninu Hergé, um einkarétt til endurgerðar, birtingar, aðlögunar og afleiddra réttinda vegna teikninga

Hergé, þar á meðal í verkum hans um ævintýri Tinna. Samkvæmt staðfestingunni gildir samningurinn frá 1. nóvember 2023 til 31. desember 2053.

5. Stefnandi kveðst hafa orðið þess áskynja á síðari helmingi ársins 2022 að Óskar Guðmundsson og félag hans, Gott Ráð ehf., hefðu framleitt og selt ýmsa muni með persónum úr Tinnasögunum, þ. á m. veggspjöld sem hafi verið markaðssett undir heitunum „Tinna-myndir“ og „Tinni á Íslandi“ eða „Tintin in Iceland“. Er óumdeilt að stefndi, sem rekur verslanir hér á landi og selur m.a. gjafavörur, bauð 10 útgáfur af veggspjöldunum til sölu í verslunum sínum á árunum 2022 til 2024.
6. Með tölvubréfi lögmanns stefnanda 12. maí 2024 til innkaupafulltrúa stefnda var tilkynnt að um óheimila notkun á höfundarverkum myndsnahöfundarins væri að ræða og bent á að stefnandi væri rétthafi höfundarréttar yfir myndverkum hans. Til að afla upplýsinga um umfang hinnar ólögættu notkunar var óskað svara frá stefnda við spurningum í fjórum liðum, studdum gögnum eftir því sem við ætti.
7. Stefnandi kveður þessa fyrirspurn hafa komið á óvart og var óskað frekari skýringa á henni með tölvubréfi lögmanns af hálfu stefnda 17. maí 2024. Áttu sér í framhaldinu stað frekari samskipti sem lyktaði með því að formlegt kröfubréf var sent stefnda 20. mars 2025 og krafist bóta vegna ólögættar hagnýtingar höfundarréttar stefnanda með sölu á 522 veggspjöldum. Kveður stefnandi ítrekaðar tilraunir til að leysa málið með samkomulagi ekki hafa borið árangur og því sé félaginu nauðugur sá kostur að höfða mál til að tryggja rétt sinn.
8. Við upphaf aðalmeðferðar lagði stefndi fram eintak samnings milli stefnanda og Epal hf. vegna ágreinings sem risið hafði milli þeirra vegna sölu Epal hf. á verkum Óskars Guðmundssonar sama eðlis og hér um ræðir.
9. Ekki voru gefnar munnlegar skýrslur við aðalmeðferð málsins.

II. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

10. Stefnandi byggir á því að óumdeilt sé að félagið sé lögmætur handhafi höfundarréttar að öllum myndverkum eftir belgíska myndsnahöfundinn Hergé, þ. á m. að öllum sögupersónum, myndverkum og einkennandi þáttum teiknimyndasagnanna „Ævintýri Tinna“. Myndverk Hergé njóti fullrar og ótvíræðrar höfundarréttarverndar, bæði samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að, þ. á m. Bernarsáttmálanum til verndar bókmenntum og listaverkum, sbr. lög nr. 80/1972.
11. Höfundarréttur stefnanda feli í sér eignarrétt að verkum Hergé, sbr. 1. gr. höfundalaga, og einkarétt til að gera eintök af þeim og gera þau aðgengileg almenningi, hvort sem er í

upphaflegri eða breyttri mynd, svo sem að heimila öðrum að gera eftirmyndir eða afleidd verk byggð á frumverkum Hergé, sbr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. laganna. Einkarétturinn nái til notkunar Tinnasagnanna á öllum mögulegum miðlum og í öllum formum, þ.m.t. veggspjöldum, auk hvers kyns nytja- og listmuna sem beri myndir af sögupersónum Tinnasagnanna. Stefnandi hafi því einkarétt til að heimila eða banna notkun á teikningum og sögupersónum Hergé í framleiðslu og sölu á hvers kyns vörum, svo sem veggspjöldunum sem mál þetta snúist um.

12. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi brotið gegn höfundarrétti félagsins með því að selja ólögmæt veggspjöld, sem útbúin hafi verið með því að nota höfundarverk Hergé án samþykkis stefnanda, eina lögmæta handhafa höfundarréttarins, sbr. 2. gr. höfundalaga.
13. Ólögmætið felist í óheimilaðri nýtingu á höfundarrétti stefnanda, hvort sem litið sé svo á að veggspjöldin séu eftirgerðir, eftirlíkingar, aðlöguð eða afleidd verk af frumverkum Hergé, sbr. 2. gr. og 1. mgr. 5. gr. höfundalaga. Í öllum tilvikum sé um að ræða hagnýtingu höfundarréttar sem stefnandi eigi einkarétt á að nýta eða heimila öðrum að nýta. Hvers konar nýting af þessu tagi krefjist skýlauss leyfis frá rétthafa, sem ekki hafi verið aflað. Veggspjöldin hafi innihaldið sögupersónur, þekktu muni og fyrirbæri úr söguheimi „Ævintýra Tinna“, teiknaðar með einkennandi stílþáttum Hergé, sem megi sjá af samanburði á frumverkum hans og hinum umdeildu veggspjöldum. Með öðrum orðum sé um að ræða ótvíræða og ólögmæta nýtingu á höfundarrétti sem stefnandi eigi einkarétt á að veita leyfi fyrir. Þá hafi nafn Hergé ekki verið getið á eintökunum, í bága við 1. mgr. 4. gr. höfundalaga.
14. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi brotið gegn einkarétti stefnanda, sbr. 2. gr. höfundalaga, með því að selja veggspjöldin, þótt félagið hafi ekki staðið að framleiðslu verkanna. Með því að bjóða þau til sölu í verslunum sínum hafi stefndi gert þau aðgengileg almenníngi í skilningi höfundalaga, sem stefnandi hafi einkarétt á, sbr. 1. og 3. mgr. 2. gr. höfundalaga. Þá hafi nafn Hergé ekki komið fram við sölu verkanna, sbr. 1. mgr. 4. gr. höfundalaga.
15. Stefnandi byggir á því að líta megi á háttsemi stefnda með tvennum hætti. Annars vegar sem eitt heildstætt brot gegn höfundarrétti stefnanda, þar sem um sé að ræða samfellda og skipulagða sölu á veggspjöldum yfir tiltekið tímabil. Hins vegar megi jafnframt líta á sölu hvers og eins veggspjalds sem sjálfstætt brot, enda feli sala á hverju eintaki í sér sérstakt tilvik þar sem höfundarréttur stefnanda sé brotinn. Hvort heldur sem er fáist sama

niðurstaða varðandi bótaskyldu stefnda og umfang hennar, enda hafi stefndi brotið gegn höfundarrétti stefnanda með saknæmum og ólögmætum hætti í báðum tilvikum.

16. Með vísan til framangreinds byggir stefnandi á því að hann eigi rétt til bóta, sbr. 56. gr. laganna, sbr. einnig sakarregluna og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bótaábyrgð stefnda sé hlutlæg samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga, og geti stefndi því orðið bótaskyldur þrátt fyrir góða trú. Þó sé á því byggt að stefnda hafi ekki getað dulist að um óheimila hagnýtingu væri að ræða á heimsþekktum verkum, sérstaklega í ljósi stöðu hans og aðgæsluskyldu sem hvíli á verslunum við sölu höfundarverndaðra muna. Verði því að líta svo á að brotin hafi verið framin af ásetningi eða eftir atvikum gáleysi og að líta beri til þess að á stefnda hvíli sérfræðiábyrgð og að beita skuli ströngu sakarmati.
17. Stefnufjárhæðin miðist við hagnað stefnda af sölu veggspjaldanna, sbr. 1. másl. 2. mgr. 56. gr. höfundalaga. Samkvæmt fyrirbyggjandi yfirliti frá stefnda hafi félagið selt 522 veggspjöld á árunum 2022–2024 (184 + 319 + 19), samtals að fjárhæð 4.535.732 krónur (1.576.666 + 2.794.971 + 164.095) án virðisaukaskatts.
18. Í stefnu er bent á að stefndi hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á kostnað félagsins af sölu veggspjaldanna og sé því ekki tekið tillit til neins ætlaðs og ósannaðs kostnaðar í dómkröfunni. Krefjist stefnandi því greiðslu 4.535.732 króna. Í stefnu var skorað á stefnda að leggja fram óbyggjandi sönnunargögn sem sýndu fram á raunverulegan hagnað stefnda af sölu veggspjaldanna, þ.e. sölutekjur að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði vegna þeirra 522 eintaka sem hafi verið seld, sbr. 59. gr. b höfundalaga. Bendir stefndi á að við útreikning á hagnaði skuli aðeins taka tillit til hlutfallslegs kostnaðar við þau eintök sem raunverulega hafi verið seld.
19. Verði ekki fallist á kröfu stefnanda um að bætur miðist við hagnað stefnda sé þess krafist að bætur verði ákveðnar að álitum. Í því sambandi bendir stefnandi á að hagnaður stefnda af brotinu felist ekki aðeins í beinum tekjum af sölu veggspjaldanna, heldur einnig í óbeinum hagnaði vegna aukinnar umferðar viðskiptavina er komið hafi sérstaklega til að kaupa veggspjöldin en keypt jafnframt aðrar vörur.
20. Kröfu sína um 250.000 króna miskabætur kveður stefnandi reista á því að stefndi hafi vanvirt höfundarrétt, heiður og sæmd stefnanda og ekki tilgreint nafn höfundar við sölu veggspjaldanna, sbr. 3. mgr. 56. gr. höfundalaga og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

21. Krafa stefnanda um að stefndi verði dæmdur til að fá birtan dóm í máli þessu í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Heimildarinnar sé reist á 59. gr. c höfundalaga. Byggir stefnandi á því að sanngjarnt sé að krefjast slíkrar birtingar af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi sé stefndi stór og þekktur smásöluaðili sem selt hafi ólögmæt eintök af heimsþekktum höfundarverkum í umtalsverðu magni. Í öðru lagi hafi stefndi sýnt af sér alvarlegt tómlæti þegar stefnandi reyndi ítrekað að leysa málið með samkomulagi. Í þriðja lagi sé birting dómsins í heild sinni nauðsynleg til að tryggja varnaðaráhrif og upplýsa aðra smásala og almenning um mikilvægi þess að virða höfundarrétt.
22. Stefnufjárhæðin sundurliðist því svo:
- | | | |
|----|--------------------------------------|-------------------------|
| a. | Skaðabætur vegna seldra veggspjalda: | 4.535.732 krónur. |
| b. | Miskabætur: | 250.000 krónur. |
| | Samtals: | 4.785.732 krónur |
23. Krafist sé skaðabótavaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 miðað við sölu hvers árs í yfirliti frá stefnda. Þar sem stefnanda skorti nákvæmar upplýsingar sé upphafsdagur vaxta miðaður við upphaf hvers árs. Nánar tiltekið sé krafist vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna af miskabótakröfunni, 250.000 krónum, og af skaðabótum vegna sölu veggspjaldanna á árinu 2022, 1.576.666 krónum, frá 1. janúar 2022; af sölufjárhæð veggspjaldanna á árinu 2023 að fjárhæð 2.794.971 króna frá 1. janúar 2023 og af 164.095 krónum vegna ársins 2024 frá 1. janúar 2024. Þá sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 20. apríl 2025, sbr. 9. gr. laganna, þ.e. að liðnum mánuði frá dagsetningu kröfubréfs stefnda.
24. Um málskostnaðarkröfu vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr. laganna, og til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1998 vegna kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

25. Stefndi bendir á að málatilbúnaður stefnanda sé reistur á því að stefndi hafi brotið gegn höfundarrétti stefnanda með sölu á veggspjöldum sem hafi verið búin til með ólögmætri notkun á höfundarrétti stefnanda. Í málatilbúnaði stefnanda felist í raun að listamaðurinn Óskar Guðmundsson hafi með verkum sínum brotið gegn einkarétti stefnanda samkvæmt 2. gr. og sæmdarrétti samkvæmt 4. gr. höfundalaga nr. 73/1972, og að stefndi hafi brotið gegn höfundarréttarlögum með sölu á verkunum. Stefndi hafnar þessu alfarið.

Nýtt og sjálfstætt verk samkvæmt 2. mgr. 5. gr. höfundalaga

26. Stefndi bendir á að vernd samkvæmt höfundalögum taki til útfærslu og forms verks, en ekki til hugmynda eða viðfangsefna, og byggir á því að ákvæði 2. mgr. 5. gr. höfundalaga heimili listamönnum að sækja innblástur í og nota minni úr eldri verkum til að skapa nýja og sjálfstæða list, sem sé forsenda allrar listrænnar þróunar. Sú aðferð að nota þekktar persónur eða tákn í nýju samhengi, oft í gagnrýnum eða skoplegum tilgangi, eigi sér langa sögu í listasögunni og sé alþjóðlega viðurkennd sem lögmæt listræn tjáning.
27. Stefndi nefnir sem dæmi um slíka listsköpun verk danska listamannsins Ole Ahlberg þar sem teiknimyndapersónan Tinni sé sett í nýtt, fullorðinslegt samhengi til að tjá nýja og sjálfstæða listræna sýn. Fjallar stefndi í greinargerð sinni um málaferli í Belgíu vegna sýningar á verkum listamannsins þar í landi. Tekur stefndi jafnframt fram að verk þess listamanns hafi verið seld í uppboðshúsum hér á landi.
28. Þá fjallar stefndi í greinargerð sinni um málaferli sem hófust 2021 í Frakklandi vegna verka franska listamannsins Xavier Marabout, sem notað hafi persónuna Tinna í verkum sínum frá árinu 2014. Þar hafi franskur undirréttur sýknað listamanninn með vísan til þess að frönsk höfundalög og alþjóðleg heimiluðu skopstælingu. Dómi undirréttar hafi hins vegar verið snúið í yfirrétti á árinu 2024, með þeim rökum að framleiðsla Marabout og notkun hans á Tinna væri orðin svo umfangsmikil að hún félli ekki undir þá undanþágu. Tekur stefndi fram að verk Marabout hafi einnig verið talin vega að sæmdarrétti höfundar.
29. Stefndi byggir á því að íslensk höfundalög hafi að geyma sömu heimildir, þ.e. um skopstælingu, og vitnað sé til í hinum erlendu dómum enda byggi höfundarréttur þessara landa á Bernarsáttmálanum, sem hafi lagagildi hér á landi, sbr. lög nr. 80/1972.
30. Þá byggir stefndi á því að listamaðurinn Óskar Guðmundsson hafi ekki verið að gera eintak af verki stefnanda í skilningi 2. gr. höfundalaga heldur notað persónuna Tinna sem hráefni í nýtt verk með sjálfstæðan boðskap. Umbreytingin sé algjör; persónan Tinni, sem sé auðþekkjanleg í verkum Óskars, hafi verið tekin úr sínu upprunalega umhverfi og fái nýtt hlutverk í allt öðru samhengi sem sé alfarið hugarsmíð listamannsins. Verkin uppfylli kröfur sem gerðar hafi verið til skopstælingar, en þeim verði ekki ruglað saman við upphafleg verk um Tinna og verkin hafi að geyma ádeilu og húnor. Sem dæmi um það sé verk þar sem Tinni sjáist á spjalli við Halldór Laxness fyrir utan Gljúfrastein.
31. Sú staðreynd að persónan Tinni sé auðþekkjanleg í verkunum feli ekki í sér brot, heldur sé það forsenda þess að listrænn tilgangur verksins nái fram að ganga. Án tilvísunarinnar

í hið þekktu verk myndi nýi boðskapurinn, oft fólgin í spennunni milli hins upprunalega og nýja samhengis, glatast. Aðrir listamenn hafi gert slíkt hið sama í áratugi. Nærtækasta dæmið sé list Errós, en í verkum hans megi finna tilvísanir í verk annarra, m.a. teikni-myndasöguhetjur. Grundvallaratriðið sé að í málinu hafi ekki verið hagnýtt önnur verk í eigu stefnanda, heldur hafi þekkt persóna verið notuð í nýju verki.

32. Í íslenskri dómaframkvæmd hafi verið lögð rík áhersla á skilyrðið um sjálfstæða og frumlega sköpun til að verk njóti verndar. Vísar stefndi til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar 3. október 2013 í máli nr. 178/2013 þar sem lagt hafi verið mat á það hvort ljósmynd teldist listaverk á grundvelli skapandi framlags höfundar. Sömu rök eigi við hér; það sé hið sjálfstæða og skapandi framlag listamannsins sem geri verk hans að nýju og sjálfstæðu verki í skilningi 2. mgr. 5. gr. höfundalaga, óháð höfundarrétti stefnanda.
33. Í ljósi framangreindra dóma hafi stefndi talið að verkin væru lögmæt og að lögmætt væri að bjóða þau til sölu. Bendir stefndi á að öðru hafi raunar ekki verið slegið föstu með neinum hætti, svo sem með dómi gegn listamanninum.

Um meint brot á sæmdarrétti samkvæmt 4. gr. höfundalaga

34. Stefndi bendir á að í stefnu sé aðeins byggt á broti gegn sæmdarrétti þar sem nafns höfundar hafi ekki verið getið og því sé það ekki hluti af sakarefni máls þessa hvort verk Óskars Guðmundssonar hafi með öðrum hætti brotið í bága við sæmdarrétt.
35. Í fyrsta lagi bendir stefndi á að félagið hafi ekki komið að gerð eða birtingu verkanna heldur einungis haft þau til sölu. Óumdeilt sé að verkin séu verk Óskars Guðmundssonar, þar sem persónan Tinni komi við sögu. Vandséð sé því að geta hefði átt nafns höfundar Tinna, þ.e. Hergé, á verkunum. Nafngreiningarskyldan samkvæmt 4. gr. höfundalaga sé ekki fortakslaus heldur eigi aðeins við að því marki sem nafngreiningu verði við komið og þyki eðlileg. Engin þörf hafi verið á að geta nafns Hergé, hvað þá stefnanda þessa máls, í verkinu og það hefði verið óeðlilegt.
36. Í öðru lagi hafi listamaðurinn Óskar Guðmundsson ekki reynt að breyta einhverju verki stefnanda, heldur hafi hann verið að skapa nýtt verk sem vísi í persónuna Tinna. Verkið sé birt undir nafni listamannsins sjálfs og engum blandist hugur um hver sé höfundur þess. Af þeim sökum hafi ekki verið brotið gegn 4. gr. höfundalaga.
37. Í þriðja lagi verði að líta til samhengisins. Samkvæmt dómaframkvæmd verði að meta atvik með heildstæðum hætti. Vísar stefndi til dóms Landsréttar 12. nóvember 2021 í máli nr. 266/2020, þar sem litið hafi verið til upprunalegs tilgangs verka sem voru auglýsingamyndir. Hliðstæð sjónarmið eigi við hér. Persónan Tinni sé víðþekkt og hafi birst

í margvíslegu samhengi. Sú notkun sem listamaðurinn hafi viðhaft sé listræn og falli innan marka tjáningarfrelsis. Hún sé ekki til þess fallin að skerða höfundarheiður stefnanda eða höfundar Tinna, heldur sé hún innlegg í samfélagssumræðu með listrænum hætti. Hér vegist á einkaréttur stefnanda og grundvallarréttur til listrænnar tjáningar og verði síðarnefndur réttur að veða þyngra. Vísar stefndi til 73. gr. stjórnarskrárinnar og til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar 19. janúar 2006 í máli nr. 375/2005.

Um takmarkanir á höfundarrétti

38. Stefndi byggir einnig á því að notkun listamannsins falli undir almennar takmarkanir á höfundarrétti og vísar til hliðsjónar til dóms Hæstaréttar 13. mars 2008 í máli nr. 221/2007 þar sem fjallað hafi verið um mörk tilvitnunarréttar samkvæmt 14. gr. höfundalaga. Sá dómur varði bókmenntaverk en meginreglan sé sú sama; tilvitnun sé heimil í viðurkenndum tilgangi, svo sem í sambandi við gagnrýni. Listræn tjáning og gagnrýni geti farið saman. Verk listamannsins megi túlka sem listræna gagnrýni á það samfélag sem persóna stefnanda sé sprottin úr. Í myndlist sé tilvitnun í heimildir fólgin í sjálfu verkinu; stíll, undirskrift og samhengi sýningar geri öllum ljóst hver sé höfundur nýja verksins og að um tilvísun í eldra verk sé að ræða. Krafa stefnanda um að listamaðurinn hefði átt að afla leyfis sé því ekki í samræmi við eðli listsköpunar. Því síður hafi verið hægt að krefjast þess af stefnda að afla heimilda fyrir sölu verkanna.

Um bótakröfur

39. Stefndi byggir á því að enginn grundvöllur sé fyrir skaða- eða miskabótakröfum stefnanda enda sé því mótmælt að um ólögmetta háttsemi hafi verið að ræða. Þá er vakin athygli á því að ákvæði 56. gr. höfundalaga feli í sér heimild til að dæma bætur, en ekki skyldu, hafi brot verið framið í góðri trú.
40. Þá sé fjárhæð bótakröfunnar mótmælt sem ósannaðri og tilhæfulausri og bent á að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neitt fjárhagslegt tjón. Lætur stefndi þess getið að viðmiðunargjaldskrár eigi ekki við þar sem ekki sé um að ræða hefðbundna leyfisveitingu í viðskiptalegum tilgangi heldur grundvallarágreining um mörk listræns frelsis.
41. Þá áréttar stefndi að enginn grundvöllur sé fyrir miskabótakröfu þar sem ekki hafi verið brotið gegn sæmdarrétti stefnanda. Í Hæstaréttarmáli nr. 221/2007 hafi miskabótakröfu verið hafnað þar sem rétturinn teldist persónubundinn höfundi. Með lagabreytingu á árinu 2010 hafi rétturinn til að krefjast miskabóta að vísu verið víkkaður út þannig að hann næði til fleiri en höfundar en ljóst sé af ákvæðinu að hann sé áfram persónubundinn

og eigi við einstaklinga, t.d. erfingja. Byggir stefndi á því að lögaðili eins og stefnandi geti ekki átt rétt á ófjárhagslegum bótum vegna miska.

42. Samantekið, að öllu virtu, sé ljóst að hin umdeildu verk séu ný og sjálfstæð listaverk í skilningi 2. mgr. 5. gr. höfundalaga og falli því utan einkaréttar stefnanda. Máltilbúnaður stefnanda byggir á misskilningi á eðli listsköpunar og of rúmri túlkun á eigin réttindum á kostnað grundvallarreglu um listrænt frelsi. Stefnandi hafi raunar tapað sambærilegum málum í öðrum löndum. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda og dæma stefnda málskostnað.

IV. Niðurstaða

43. Í málinu er í meginatriðum deilt um það hvort stefndi hafi brotið gegn höfundarréttindum stefnanda með því að hafa, án heimildar stefnanda, boðið til sölu í verslunum sínum 10 gerðir af veggspjöldum Óskars Guðmundssonar á árunum 2022 til 2024 þar sem listamaðurinn hefur sett Tinna og aðrar sögupersónur úr teiknimyndasögum Hergé um ævintýri Tinna, ásamt munum og fyrirbærum úr söguheimi ævintýra Tinna, í íslenskt umhverfi og samhengi.
44. Enginn ágreiningur er um það á milli málsaðila að listamaðurinn Óskar hafi notað teiknimyndasögur Hergé sem efnivið við gerð umræddra veggspjalda, þar á meðal teiknimyndapersónuna Tinna og fleiri persónur og muni úr söguheimi ævintýra Tinna, eins og sést í gögnum málsins. Þá er óumdeilt að teiknimyndasögur Hergé um ævintýri Tinna, þar á meðal teikningarnar og sú sköpun teiknimyndapersóna sem í þeim felst, feli í sér verk sem njóta verndar samkvæmt 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972, sbr. einnig ákvæði Bernarsáttmálans sem öðlaðist lagagildi hér á landi 26. júní 1972 með lögum nr. 80/1972. Ekki er deilt um aðild stefnanda að málinu, sem rétthafa höfundarréttar að verkum Hergé.
45. Í greinargerð stefnda er bent á að því hafi ekki verið slegið föstu með dómi gegn listamanninum Óskari Guðmundssyni að verk hans brjóti í bága við höfundarrétt stefnanda og var nokkur áhersla lögð á þetta atriði við munnlegan málflutning. Ekki er þó á því byggt að listamaðurinn hefði þurft að eiga aðild að máli þessu. Verður ekki séð að nein réttarfarsnauðsyn standi til þess og heldur ekki að málið sé haldið öðrum annmörkum sem varðað geti frávísun án kröfu.
46. Í meginatriðum byggir stefnandi kröfu sína um skaða- og miskabætur á því að heimildarlaus not Óskars, og þar með stefnda sem boðið hafi verk Óskars til sölu, á verkum Hergé feli í sér brot gegn bæði fjárhagslegum hluta höfundarréttar stefnanda, þ.e. einkarétti félagsins til eintakagerðar og miðlunar verka Hergé til almennings, sbr. 2. gr.

höfundalaga, og gegn sæmdarrétti að því er varðar skyldu til nafngreiningar Hergé sem höfundar, sbr. 1. mgr. 4. gr. höfundalaga.

47. Stefndi byggir aftur á móti í meginatriðum á því að listamanninum Óskari hafi verið heimilt að nota teiknimyndapersónur og önnur efnisatriði úr verkum Hergé við gerð verka sinna, án þess að leita heimildar höfundarréttarhafa. Í því efni byggir stefndi á því að ákvæði 2. mgr. 5. gr. höfundalaga heimili listamönnum að sækja innblástur í og nota minni úr eldri verkum til að skapa nýja og sjálfstæða list. Þá er byggt á því að um skopstælingar hafi verið að ræða, sem réttlæti það að leita ekki leyfis höfundar. Enn fremur er vísað til tjáningarfrelsis listamannsins Óskars, sem njóti verndar samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar. Loks er á því byggt að tilvitnunarheimild 14. gr. höfundalaga réttlæti notkun Óskars á umræddum teiknimyndapersónum og öðrum efnivið úr verkum Hergé í verkum sínum. Nánar er um málsástæður aðila fjallað í köflum II og III hér að framan.

* * *

48. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. höfundalaga hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni, með þeim takmörkunum sem í lögnum greinir. Í 2. og 3. mgr. greinarinnar er skilgreint nánar hvað felst í eintakagerð og að verk sé gert aðgengilegt almenningi. Samkvæmt þessum ákvæðum nær einkaréttur höfundar, eða þess sem leiðir rétt sinn frá honum, til þess að gera eintök af verki, hvort heldur sem er af hluta þess eða af verki í heild, og til að gera það aðgengilegt almenningi með einum eða öðrum hætti. Þessum ákvörðunarrétti höfundarréttar tengjast gjarnan fjárhagslegir hagsmunir.

Nýtt og sjálfstætt verk eða aðlögun – 5. gr. höfundalaga

49. Báðir aðilar fjalla um það hvort verk Óskars feli í sér eintakagerð eða aðlögun á þeim frumverkum sem stefnandi á höfundarrétt á, eins og stefnandi heldur fram, eða nýtt og sjálfstætt yngra verk sem teiknimyndapersónur úr eldri verkum Hergé hafi verið notaðar við gerð á, eins og stefndi heldur fram. Enginn ágreiningur er um það, og blasir það við af gögnum málsins, að teiknimyndapersónur og önnur fyrirbæri úr verkum Hergé voru notuð óbreytt í verkum Óskars og verður því að hafna málsástæðum stefnda sem lúta að því að vernd samkvæmt höfundalögum taki ekki til hugmynda eða viðfangsefna.
50. Málalíbúnaður stefnda varðandi 2. mgr. 5. gr. höfundalaga verður ekki skilinn öðruvísi en svo að staðhæft sé að í því ákvæði felist einhvers konar takmörkun á einkarétti

höfundar samkvæmt 2. gr. laganna, þannig að ekki þurfi að afla leyfis höfundar eldra verndaðs verks sem notað er við gerð nýs og sjálfstæðs verks. Ekki verður á það fallist. Í ákvæðum 5. gr. höfundalaga er fjallað um höfundarrétt þess sem hefur annað hvort framkvæmt einhvers konar aðlögun á frumverki eða notað eldra verk sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð á nýju og sjálfstæðu verki. Með öðrum orðum er þar í 1. mgr. fjallað um höfundarrétt að aðlögun á verki og í 2. mgr. um höfundarrétt á yngra verki, þar sem eldra verk hefur verið notað við gerð þess. Hvorki verður af orðalagi þeirra ákvæða né athugasemdum að baki 5. gr. frumvarps þess er varð að höfundalögum nr. 73/1972 dregin sú ályktun að í ákvæðum þessum felist nokkur takmörkun á einkarétti höfundar frumverks eða eldra verks, eins og stefndi virðist byggja á. Verður heldur ekki séð að sá skilningur stefnda eigi sér nokkra stoð í ákvæðum 5. gr. eða dómaframkvæmd. Verður öllum slíkum málsástæðum stefnda því hafnað og ekki á það fallist að notkun Óskars á teiknimyndapersónum úr Tinnabókunum geti hafa réttlæst af 5. gr. laganna. Gerist ekki þörf á að fjalla frekar um málsástæður aðila sem lúta að því hvort verk Óskars feli í sér ný og sjálfstæð verk, þar sem eldri verk Hergé hafi verið notuð sem fyrirmynd eða aðlaganir á frumverkum Hergé, enda er það ekki hluti af sakarefni þessa máls að leysa úr því hvort brotið hafi verið gegn höfundarrétti Óskars.

Skopstæling

51. Í öðru lagi byggir stefndi á því að um skopstælingu sé að ræða og því hafi listamaðurinn Óskar ekki þurft að afla heimildar stefnanda til að nýta sér teiknimyndapersónurnar í verkum sínum. Því mótmælir stefnandi, sem bendir á að heimild til undanþágu vegna skopstælinga sé ekki að finna í íslenskum höfundalögum.
52. Stefndi hefur ekki bent á nein tiltekin ákvæði laga til stuðnings framangreindri málsástæðu sinni og ekki heldur á neitt til stuðnings því að í íslenskum rétti gildi óskráð meginregla um skopstælingu sem feli í sér takmörkun á einkarétti höfundar samkvæmt 2. gr. höfundalaga. Hefur ekki verið bent á eitt einasta íslenskt dómafordæmi í þá veru. Verður heldur ekki séð að þær dómsúrlausnir erlendra dómstóla sem fjallað er um í greinargerð stefnda, en hafa hvorki verið lagðar fram né afhentar til hliðsjónar, hafi neina þýðingu í málinu.
53. Þvert á móti verður fremur ráðið af lögskýringargögnum með breytingum á höfundalögum að takmörkun vegna skopstælingar sé ekki fólgin í íslenskum höfundalögum. Tilköpun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu var innleidd í

höfundalög nr. 73/1972 með breytingalögum nr. 9/2006. Eins og bent var á við málflutning af hálfu stefnanda var hvorki við þá lagabreytingu né síðar nýtt heimild samkvæmt k-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar til að lögfesta hér á landi valfrjálsa undantekningu um hagnýtingu verka vegna skopmynda, skopstælingar og annarrar stælingar. Segir beinlínis í fylgiskjali II við lagafrumvarpið, sem er yfirlit yfir helstu ákvæði tilskipunarinnar og samanburður þeirra við gildandi lög, að sambærileg undantekning sé ekki í gildandi lögum og að ekki sé lagt til í frumvarpinu að slík heimild verði tekin upp í þau.

54. Þegar af framangreindum ástæðum verður að hafna málsástæðum stefnda sem lúta að því að notkun Óskars á teiknimyndapersónum Hergé réttlætist af því að um skopstælingar sé að ræða. Þarf þá ekki að fjalla frekar um inntak þess hugtaks, eins og það hefur t.d. verið skýrt í dómaframkvæmd Evrópudómstólsins.

Takmörkun samkvæmt 14. gr. höfundalaga

55. Stefndi byggir einnig á því að notkun listamannsins Óskars á teiknimyndapersónum Hergé hafi verið honum heimil á grundvelli 14. gr. höfundalaga, sem tilheyrir II. kafla laganna um takmarkanir á höfundarrétti. Við skýringu ákvæða greinarinnar ber að líta til þess að þau fela í sér undanþágu frá grundvallarreglu höfundarréttar um að enginn annar en höfundur verks eða rétthafi höfundarréttar geti ákveðið hvort og þá hvar, hvenær og hvernig verk, sem háð eru höfundarrétti, skuli birt. Stendur það upp á þann sem ber fyrir sig slíka undanþágu að sýna fram á að skilyrði hennar séu uppfyllt; í þessu tilviki stefnda.
56. Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. er heimil tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er með sömu skilyrðum heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum, svo og gögnum sem getið er í 3. mgr. 1. gr., enda sé ekki um fjárhagslegan tilgang að ræða.
57. Þar sem ágreiningur aðila snýr að notkun listamannsins Óskars á myndverkum Hergé, fremur en texta, einkum teiknimyndapersónum hans, kemur ákvæði 2. mgr. greinarinnar til skoðunar. Samkvæmt því er það skilyrði þess að tilvitnun geti talist heimil að ekki sé um fjárhagslegan tilgang að ræða, en auk þess er vísað til skilyrða 1. mgr. greinarinnar.
58. Fyrir liggur að umrædd veggspjöld voru boðin til sölu hjá stefnda í allnokkrum fjölda eintaka en óumdeilt er að alls 522 veggspjöld seldust á árunum 2022 til 2024. Auk þess liggur fyrir að veggspjöld og önnur verk Óskars þar sem teiknimyndapersónur Hergé komu við sögu voru boðin til sölu hjá öðru fyrirtæki sem stefnandi gerði síðar

samkomulag við og fól í sér bótagreiðslu vegna notkunar á höfundarrétti stefnanda. Bera atvik máls þannig sterkan keim af því að umrædd veggspjöld Óskars hafi verið gerð og boðin til sölu í fjárhagslegum tilgangi, fremur en í einhverjum þeim tilgangi sem lýst er í 1. mgr. 14. gr. laganna.

59. Þá hafa skilyrði 1. mgr. 14. gr. verið skýrð svo í dómaframkvæmd að forsenda þess að um heimila takmörkun á einkarétti höfundar geti verið að ræða sé að vitnað sé í tiltekið birt verk og jafnframt að getið sé með tilhlýðilegri nákvæmni hvaðan viðkomandi efni er tekið, sbr. t.d. til hliðsjónar dóm Landsréttar 7. nóvember 2024 í máli nr. 472/2023.
60. Samkvæmt fyrirliggjandi málgögnum sem sýna umrædd veggspjöld og því sem óumdeilt telst í málinu er þar hvergi vitnað til heimilda í verkum Hergé með öðrum hætti en þeim að nafn Tinna kemur fram neðarlega á veggspjöldunum með orðunum „Tinni á Íslandi“. Þar undir koma textar á íslensku og ensku sem eru ógreinilegir vegna smæðar en einn þeirra, sem er nægilega greinilegur, fjallar um Hallgrímskirkju sem er í bakgrunni á því veggspjaldi. Verður ekki talið að þessi háttur fullnægi þeim kröfum sem gerðar hafa verið til tilvitnunar í dómaframkvæmd. Þá hafa ekki verið færð haldbær rök fyrir því að verk Óskars hafi verið gerð og boðin til sölu af stefnda í sambandi við gagnrýni eða í öðrum viðurkenndum tilgangi en undanþáguheimild 14. gr. verður eins og áður sagði ekki skýrð rúmri skýringu og er listræn tjáning ekki meðal þess sem þar er talið.
61. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans er heimilt að nota tilvitnanir úr verkum, sem þegar hafa verið löglega birt almenningi, enda sé notkunin í samræmi við venjur, sem telja megji sanngjarnar og gangi ekki lengra en tilgangurinn réttlæti. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 221/2007 lét rétturinn þess getið, með vísan til 1. mgr. 10. gr. sáttmálans, að venjur hljóti að skipta miklu við mat á fyrrnefndum skilyrðum 14. gr. höfundalaganna þótt ekki sé bein vísun til venja í ákvæðum greinarinnar. Var gagnáfrýjandi í því máli, sem bar fyrir sig ákvæði greinarinnar en hafði ekki leitast við að leiða í ljós hvaða venjur giltu hér á landi um tilvísanir í verk höfunda við ritun á ævisögum, látinn bera hallann af skorti á þeim upplýsingum, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Hefur stefndi í því máli sem hér er til umfjöllunar ekki leitast við að sýna fram á hvort og þá hvaða venjur gildi hér á landi um tilvísanir í myndverk höfunda með notkun á hlutum þess, svo sem teikni-myndapersónum eða álíka. Verður stefndi að bera hallann af því við úrlausn málsins. Nægir þar ekki að vísa almennt til verka annarra listamanna, eins og gert er í greinargerð, svo sem varðandi listamennina Ole Ahlberg og Erró, án nokkurrar sönnunarfærslu.

62. Samkvæmt öllu framanrituðu verður hafnað þeirri málsástæðu stefnda að notkun Óskars Guðmundssonar á m.a. teiknimyndapersónum úr ævintýrum Tinna við gerð umræddra veggspjalda réttlætist af ákvæðum 14. gr. höfundalaga.
63. Þá geta sjónarmið um eðli listsköpunar og stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi listamanna ekki haggð fjárhagslegum einkaréttindum höfunda, eða þeirra sem leiða rétt sinn frá þeim, samkvæmt I. kafla höfundalaga, sérstaklega ekki þegar horft er til þess sem að framan greinir um umfang þeirrar sölu sem hér um ræðir sem bendir til þess að fjárhagslegur tilgangur hafi verið í fyrirrúmi við gerð veggspjaldanna fremur en beiting tjáningarfrelsis.
64. Að öllu framanrituðu virtu, og þar sem öllum málsástæðum stefnda sem þýðingu geta haft hefur verið hafnað, verður fallist á það með stefnanda að sala stefnda á veggspjöldunum hafi falið í sér brot gegn einkarétti stefnanda sem höfundarréttarhafa samkvæmt 2. gr. höfundalaga.

Skaðabótakrafa

65. Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. höfundalaga skal sá sem hefur brotið gegn lögnum af ásetningi eða gáleysi greiða bætur vegna brotsins og þótt brotið sé framið í góðri trú er heimilt að ákveða þeim sem orðið hefur fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega. Eins og hér háttar til verður við það að miða að starfsmönnum stefnda hefði, sem fagaðilum á sviði sölu á m.a. ýmsum hönnunarvörum, mátt vera ljóst að þau verk Óskars Guðmundssonar sem tekin voru til sölu kynnu að brjóta gegn einkarétti höfundarréttarhafa hinna vel þekktu verka um ævintýri Tinna. Eru því ótvírætt uppfyllt skilyrði 1. mgr. greinarinnar til þess að leggja bótaskyldu á stefnda.
66. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. skal við ákvörðun bóta samkvæmt 1. mgr. ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni. Í athugasemdum að baki 12. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 93/2010 um breytingu á höfundalögum, sem færðu ákvæði 56. gr. höfundalaga í núverandi horf, segir að í 2. mgr. sé gerð tillaga um að við ákvörðun bóta verði ekki eingöngu miðað við það beina fjárhagstjón, sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, þar á meðal vegna fjárútláta við að hafa uppi á þeim er brotið hefur gegn lögvörðum rétti hans, enda geti verið erfitt að færa sönnur á það, heldur verði einnig litið til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Sé sú fjárhæð hærri en hið

beina fjárhagstjón bæri þar af leiðandi að leggja hana til grundvallar þegar bætur eru ákveðnar. Hér sé um að ræða bætur fyrir ólögsmæta auðgun sem verði að telja sanngjarnt að sá brotlegi inni af hendi til rétthafans.

67. Eins og hér háttar til hefur stefnandi í engu leitast við að færa sönnur á að hann hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni heldur látið við það sitja að beina áskorun til stefnda um að upplýsa um raunverulegan hagnað sinn af sölu veggspjaldanna, nánar tiltekið um sölu-tekjur að frádregnum sannanlegum beinum kostnaði vegna þeirra, sbr. 59. gr. b í höfundalögum. Stefndi varð við þeirri áskorun með því að leggja fram eigin yfirlit þar sem fram koma upplýsingar um fjölda seldra eintaka af veggspjöldunum, 522 stykki, og söluverð þeirra á umræddu árabili, alls 4.535.732 krónur. Þá koma þar fram upplýsingar um að framlegð félagsins af sölu veggspjaldanna hafi verið 2.030.195 krónur á umræddu árabili, þ.e. söluverð að frádregnu kostnaðarverði veggspjaldanna. Auk þess er þar að finna niðurstöður félagsins um hagnað vegna sölu hvers árs, þ.e. framlegð að frádregnum frádráttarliðum vegna launa, húsnæðis og annars rekstrarkostnaðar að tilgreindum prósentum, en samkvæmt því yfirliti nam hagnaður stefnda af sölu veggspjaldanna á nefndu árabili 466.728 krónum.
68. Stefnandi miðar dómkröfu sína samt sem áður við söluverð veggspjaldanna án nokkurs frádráttar enda er því mótmælt að yfirlit stefnda teljist fullnægjandi til sönnunar um þann kostnað sem koma eigi til frádráttar og þar með hvaða hagnað stefndi hafi haft af sölu veggspjaldanna. Stefnandi hefur ekki leitast við að leggja grunn að öðru tæku viðmiði við ákvörðun bóta að áliti, svo sem með því að leggja fram viðmiðunargjaldskrá og krefjast bóta í formi margfeldis af gjaldskrárlíðum. Enda þótt yfirlit stefnda séu ekki studd gögnum úr bókhaldi stefnda hefur stefnandi ekki fært viðhlítandi rök fyrir því að þau gefi ekki nægilega rétta mynd af hagnaði stefnda til að fært sé að leggja þau til grundvallar við ákvörðun bóta. Þá er að áliti dómsins eðlilegt að miða við að jafnt fastur sem breytilegur kostnaður geti komið til frádráttar.
69. Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 466.728 krónur í skaðabætur samkvæmt 1. og 2. mgr. 56. gr. höfundalaga.

Miskabótakrafa

70. Stefnandi krefst einnig 250.000 króna miskabóta vegna brots gegn 1. mgr. 4. gr. þar sem þess var ekki gætt að nafngreina höfund ævintýra Tinna, Hergé, við gerð eða sölu veggspjaldanna. Samkvæmt því ákvæði er skylt, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt. Málsvörn stefnda lýtur að því að

félagið hafi ekki komið að gerð verkanna, að nafngreiningarskyldan sé ekki fortakslaus, að nægt hafi að Óskar Guðmundsson merkti sér verkin og loks að lögaðila verði ekki dæmdar miskabætur vegna brota á höfundalögum.

71. Eins og áður sagði mátti stefnda, sem fagaðila á sviði sölu á gjafavörum og ýmsum verkum sem njóta verndar sem hugverk, vera ljóst að umrædd veggspjöld kynnu að brjóta gegn einkarétti höfundarréttarhafa verka Hergé um ævintýri Tinna samkvæmt höfundalögum. Jafnframt mátti stefnda vera ljóst að Hergé var hvergi nafngreindur á veggspjöldunum og að það kynni að fela í sér sjálfstætt brot gegn sæmdarrétti (nafngreiningarrétti) höfundar samkvæmt sömu lögum. Ekki er á því byggt að stefndi hafi með nokkrum hætti leitast við að bæta úr skorti á nafngreiningu Hergé við framstillingu og sölu verkanna í verslunum sínum. Enda þótt nafngreiningarskyldan sé ekki fortakslaus, sbr. fyrirvarann „eftir því sem við getur átt“ í 1. mgr. 4. gr. höfundalaga, hefur stefndi ekki sýnt fram á neinar gildar ástæður fyrir því að réttlæt看legt hafi verið að geta ekki um nafn höfundarins Hergé í þeim tilvikum sem hér um ræðir. Breytir engu þótt listamaðurinn Óskar hafi merkt sér verkin. Verður jafnframt að hafna því að aðstæðum og atvikum í máli þessu verði jafnað við aðstæður og atvik í dómi Landsréttar í máli nr. 266/2020.
72. Þá lýtur málsvörn stefnda að því að lögaðila verði ekki dæmdar miskabætur samkvæmt 3. mgr. 56. gr. höfundalaga. Samkvæmt þeim ákvæðum, eins og þeim var breytt með lögum nr. 93/2010, má dæma höfundi „eða öðrum rétthafa“ bætur fyrir miska vegna brots á lögum þessum. Í athugasemdum með nefndum breytingalögum segir að lagt sé til í 3. mgr., að fyrirmynd 3. mgr. 83. gr. dönsku höfundalaganna, að ekki verði framvegis skylt heldur aðeins heimilt að dæma bætur fyrir miska vegna brots á lögnum. Sé sú regla í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá sé sömuleiðis, eins og í umræddu ákvæði dönsku höfundalaganna, gert ráð fyrir að miskabætur verði ekki einvörðungu dæmdar höfundi eða listflytjanda, eins og kveðið sé á um í 2. mgr. 56. gr. gildandi laga, „heldur geti aðrir rétthafar átt kröfu til slíkra bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, svo sem þeir sem eignast hafa höfundarétt að erfðum eða með framsali höfundar á rétti sínum“. Verður ekki séð að í ákvæðinu, eins og því var breytt árið 2010, séu skorður reistar við því að lögaðili sem nýtur afleidds höfundarréttar, geti átt kröfu um miskabætur á grundvelli brots á nafngreiningarrétti samkvæmt 1. mgr. 4. gr. höfundalaga.
73. Samkvæmt framanrituðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur vegna brots gegn 1. mgr. 4. gr. höfundalaga og þykja þær bætur hæfilega ákveðnar að þeirri fjárhæð sem krafist er, 250.000 krónur.

74. Samtals verður stefnda því gert að greiða stefnanda 716.728 krónur í skaða- og miskabætur.
75. Vaxta- og dráttarvaxtakröfum, þ.m.t. upphafstíma þeirra, hefur ekki verið mótmælt sérstaklega og eiga þær sér stoð í þeim ákvæðum laga nr. 38/2001 sem vísað er til í stefnu. Vextir samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna verða þó ekki dæmdir af miskabótum sem dæmdar eru að álitum, sbr. 2. mgr. greinarinnar.
76. Stefnandi krefst þess að lokum að dómur í málinu verði birtur í heild sinni í tveimur tilgreindum fjölmiðlum. Samkvæmt 1. mgr. 59. gr. c höfundalaga má í dómi þar sem kveðið er á um brot á lögum þessum eða ráðstafanir samkvæmt 55. gr. að beiðni brotþola mæla fyrir um birtingu dómsins að hluta eða í heild. Í ákvæðinu segir jafnframt að birtingin skuli fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Þá segir í 2. mgr. 59. gr. c að hinn brotlegi skuli annast og kosta birtinguna. Ákvæði 59. gr. c var leitt í höfundalög með 13. gr. laga nr. 93/2010. Í athugasemdum að baki frumvarpinu kemur m.a. fram að birting ákvarðana sé talin hafa forvarnagildi gagnvart öðrum hugsanlegum brotamönnum og gegni hlutverki í vitundarvakningu almennings um virðingu fyrir hugverkaréttindum.
77. Með vísan til framanritaðs verður fallist á að tilefni sé til að beita ákvæði 59. gr. c, þó þannig, með hliðsjón af dómaframkvæmd, að fullnægjandi telst að mæla fyrir um birtingu dómsorðs dómsins í einum fjölmiðli, t.d. í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins.
78. Eftir úrslitum málsins, þar sem fallist er að fullu á miskabótakröfu stefnanda en skaðabótakrafa félagsins er lækkuð verulega, þykir rétt að stefndi greiði stefnanda hluta málskostnaðar hans, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Er sú fjárhæð hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir og er þar ekki tekið tillit til virðisaukaskatts, enda vanreifað af hálfu stefnanda að félagið, sem er erlent og rekið með takmarkaðri ábyrgð, muni þurfa að bera virðisaukaskatt af málskostnaðarreikningi lögmanns síns.
79. Af hálfu stefnanda flutti málið Alexander Hafþórsson lögmaður en Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnda. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Penninn ehf., greiði stefnanda, SA Tintinimagnatio, 716.728 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 149.941 krónu frá 1. janúar 2022 til 1. janúar 2023, af 450.400 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2024 og af 466.728 krónum frá þeim degi til 20. apríl 2025, en með

dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 716.728 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi skal fá dómsorð í máli þessu birt í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins á sinn kostnað.

Stefndi greiði stefnanda 700.000 krónur í málskostnað.

Hildur Briem